

Heiðmörk í Garðabæ og Sandahlíð Deiliskipulagstillaga

Móttakandi: Arinbjörn Vilhjálmsson arkitekt, skipulagsfulltrúi Garðabæjar

Sendandi: Práinn Hauksson landslagsarkitekt

Efni: Umsögn deiliskipulagshöfunda um ábendingar

Dagsetning: 16. febrúar 2016

Eftirtaldir aðilar sendu inn ábendingar við forkynningu deiliskipulagstillögunnar:

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Hestamannafélagið Sprettur

Kópavogsbær

Landsnet

Minjastofnun

Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssvið

Skógræktarfélag Reykjavíkur

Umhverfisstofnun

Vegagerðin

Veitur

Hér að neðan er gerð grein fyrir þeim atriðum í ábendingunum sem taka þarf afstöðu til að mati undirritaðs og gerð tillaga um hvernig við þeim skuli brugðist. Í lokin er samantekt á tillögum að viðbrögðum.

Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis:

Lögd er áhersla á að beitt sé varúðarreglunni vegna nálægðar við vatnsbólin í Heiðmörk og í Kaldárbotnum.

Að mati heilbrigðisnefndar liggur beint við að hætta almennt umferð um veginn þar sem hann liggur um grannsvæði vatnsbóla. Til að mæta sjónarmiðum útivistar þurfa viðeigandi sveitarfélög samhæfða stefnu um bifreiðastæði við mörk grannsvæðis. Vísu sérstaklega í 20 gr. Heilbrigðissamþykktar.

Óheimilt er að nýta akvegi á grannsvæðum til akstursþróttar. Þeir eru ætlaðir til reksturs vatnsveitna, vegna öryggismála, þ.e. til aðkomu lögreglu, sjúkraliðs, slökkviliðs og björgunarsveita og til nýtingar svæðisins til almennrar útivistar á forsendum vatnsverndar

Varúðarreglan - Kjarni hennar er sá að ekki skuli láta óvissu um afleiðingar tiltekinna athafna eða athafnaleysis koma í veg fyrir að gripið sé til fyrirbyggjandi aðgerða.

Ekki er talið að í deiliskipulaginu séu framkvæmdir sem muni skapa hættu fyrir vatnsbólin í Heiðmörk og í Kaldárbotnum. Útílífsmiðstöðin er utan vatnsverndar og samkvæmt deiliskipulagstillögunni verður hægt að loka veginum við enda Vífilsstaðahlíðar með hliði ef talin er þörf á því í framtíðinni.

Nýju stæðin sem staðsett eru við enda Vífilsstaðahlíðar til að þjóna m.a. Búrfellsgjánni eru innan marka öryggissvæðis og verða gerð í samráði við Heilbrigðiseftirlitið. Nýju stæðin við Hjallabrún eru innan grannsvæðis og nánari staðsetning og framkvæmd vegna þeirra yrði í samráði við heilbrigðiseftirlitið.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

Benda á að það þarf að vera áhersla á að vegir Heiðmörk sé aðallega vegna forgangsaksturs og starfsemi vatnsveitna og skógræktar. HER bendir á að samráð og samvinna þarf að vera á milli Reykjavíkurborgar, Garðabæjar og Kópavogs um hlið og stýringu umferðar um svæðið við innkomuleiðir að Heiðmörk þannig að hægt sé að stýra almennt umferð okuta í inn á vatnsverndarsvæðið frá öllum innkomuleiðum. Vísu í

samþykkt 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla gr 17,18,19,25,56,57, vegagerð, viðhald og vegstæði eru háð starfsleyfi heilbrigðisnefna og gera þarf áhættumat og skila inn áður en til framkvæmda kemur. HER telur jákvætt að sett verði bundið slitlag með efni sem samþykkt væri á vatnsverndarsvæði.

Spurning hvort taka eigi undir þetta með að vegirnir séu aðallega vegna vatnsveitna, skógræktar og forgangsaksturs og draga það þá fram í greinargerð. T.d. sá hluti vegarins sem er innan vatnsverndar?

Hestamannafélagið Sprettur:

1. Gerð er athugasemd við legu reiðvegs frá Kjóavallasvæði í Grunnavatnaskarð, krafa um að hann verði mun austar vegna hættu á umferð vélknúinna ökutækja.
2. Óska eftir tengingu austan við Grunnavatn-syðra við reiðveg sem reiðmenn hafa óskað eftir á Vatnsendaheiði.
3. Gerð er athugasemd við að deiliskipulagið rými ekki við gildandi deiliskipulag Kjóavalla.

Skoðað verður nánar lega reiðvegs frá Kjóavallasvæði í Grunnavatnaskarð og einnig samræmi við deiliskipulag Kjóavalla.

Tenging austan við Grunnavatn syðra við Vatnsendaheiði myndi krossa göngustíginn. Ekki er gert ráð fyrir reiðstíg í nýju aðalskipulagi Kópavogs frá Vatnsendaheiði yfir í Grunnavatn syðra. Ekki var gert ráð fyrir tengingu við reiðstíg frá Heiðmörk í Reykjavík yfir í sunnanverða Vatnsendaheiði í deiliskipulagstillögu fyrir Heiðmörk í Reykjavík.

Kópavogsbær:

Mikilvægt að fá heildarskipulag fyrir alla Heiðmörk og að allir sem eigi lögsögu að Heiðmörk komi að þeirri vinnu.

Ekkert sem þarf að breyta í skipulagi vegna þessa.

Landsnet:

1. Landsnet hefur engin áform um að setja Hnoðraholtslínu í jarðstreng á þessu svæði.
2. Leiðrétt þarf línunöfn. Setja Sandskeiðslína 1 í stað Búrfellslína 3 og Kolviðarhóslína 2.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Garðabæjar bls 47 kemur fram að *Á seinni hluta tímabilsins er gert ráð fyrir að lagðir verði jarðstrengir í stað núverandi 132 kV Hnoðraholtslínu.* Það kemur ekkert fram í aðalskipulaginu hvort það eigi við um línuna í heild sinni eða aðeins hluta hennar. Nöfnin hafa verið leiðrétt

Minjastofnun:

Gerir ekki athugasemdir við tillögu.

Reykjavíkurborg – umhverfis- og skipulagssvið

Benda á athugasemdir sem Garðabær kom með á sínum tíma vegna deiliskipulagstillögu fyrir Heiðmörk í Reykjavík til að gæta samræmis milli skipulaganna á svæðinu. Bent á villu á uppdrætti.

Laga þarf texta á uppdrætti og kanna samræmi við aðliggjandi skipulög.

Skógræktarfélag Reykjavíkur:

Ábendingarnar eru í mörgum liðum svo „svörin“ koma við hvern lið í staðin fyrir í lokin:

1. Inngangur - Gera þarf grein fyrir forsögu Heiðmerkur og þeim samningum sem eru í gildi fyrir svæðið.
Tekið undir þetta, hefur verið bætt inn.
2. Gróður og skógar kaflar 5.2.2/6.4.1.5/9.9.2

Rangt að gullkollur (kafla 5.2.2/6.4.1.5) sé sjaldgæf planta.

Þversögn að segja að ákveðin svæði fái að þróast náttúrulega en samt að uppræta megi ágengar tegundir sem sái sér. Einnig þælingar um hvað sé náttúrulegt/villt á þessu svæði. Ekkert náttúrulegt mál er til sem gefur til kynna hvaða stöðu vistkerfi á að vera í eða þurfi að endurheimta, það er því geðþóttaákvörðunum manna. Ennfremur getur vistkerfi varla þróast af sjálfsdáðum, ef verið er að fjarlægja ákveðnar tegundir sem mönnum þóknast ekki. Ákvæði um heimild til að fjarlægja svokallaðar ágengar tegundir, kann að eiga við um friðlýst svæði innan Grunnuvatna, en Skógræktarfélag Reykjavíkur leggst alfarið gegn slíkum heimildum utan friðlýsta svæðisins. Lúpínan hefur unnið sitt verk og hörfar nú hratt. (Daði Björnsson, 2011: „Hörfar lúpínan? Dæmi úr Heiðmörk.“ Skógræktarritið)

Ítrekað er fjallað um í skýrslunni að skógrækt sé ekki heimil innan 20 metra frá fornminjum.

Útbreiðslu birkis sem mun sá sér í minjarnar með tíð og tíma. Á þann hátt er skógrækt stunduð á minjunum og ekki verður heimilt að eyða þeim skógi nema með sérstöku leyfi samkvæmt skógræktarlögum

Búið að laga textann um Gullkoll.

Er í raun rétt þetta með þversögnina, skoða þetta hvort það þurfi að breyta þannig að nýræktun skóga verður áfram á ákveðnum svæðum en önnur svæði (fyrir utan friðlendið) fái að dafna „á eigin forsendum“ án íhlutunar manna.

Náttúrulegur birkiskógur er notað í aðalskipulagi Garðabæjar, friðlýsingu Vífilsstaðavatn og hverfisverndinni og gróðurkortinu, þar sem verið er að vitna í þann texta verður það óbreytt, annars er notað birkiskógur eða kjarr.

Ástæða þess að það er ítrekað tekið fram með 20m er að í lögum eru það 15m og því hærri kröfur hjá Garðabæ en lögin segja til um.

Hvort skógur eða minjar sé rétt hærra þurfa aðrir að svara en þangað til fá minjarnar að njóta vafans.

3. Í kaflanum 5.4.2. Aðalskipulag Garðabæjar er talið óþarflega mikið vitnað í ýmis lög og reglugerðir.
Þetta er beint úr aðalskipulaginu og stendur því óbreytt.
4. 5.5.2. Samningur Garðabæjar og Skógræktarfélags Reykjavíkur
Búið að setja inn þá samninga sem vantaði og breyta heiti kaflans í samræmi við það.
5. 6.5.2 skoða orðalag, Heiðmörk/Heiðmörk Garðabæ. Mögulegt skógræktarsvæði í þessum hluta Heiðmerkur er um 78 ha.
Búið að leiðrétta í texta í Heiðmörk Garðabæ og hækka í 78 ha.
6. Landnemafélög – laga textann, gera hann jákvæðari.

Búið að laga textann í samræmi við upplýsingar frá skógræktinni.

7. Samkomur - ólíklegt og jafnvel óraunhæft að útivistargestir fari að leita samráðs til þess að hittast á Hjallaflötum eða öðrum hlutum útivistarsvæðisins.

Í kaflanum um samkomur er búið að breyta textanum

Möguleiki er á samkomum við útilífsmiðstöðina og á Hjallaflötum en einnig er mögulegt að smærri hópar fólks komi saman við áningarstaðina. Ef um skipulagðar samkomur er að ræða þar sem gera þarf ráð fyrir einhverskonar þjónustu s.s. salerni, t.d. á Hjallaflötum þarf það að vera í samráði við Garðabæ, Skógrækt Reykjavíkur og heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar og Kópavogsbæjar.

8. Útilífsmiðstöð. Gera þarf samning við Skógræktarfélag Reykjavíkur um byggingu útilífsmiðstöðvar á Heiðmörk.

Garðabær svarar þessu.

9. Áhrifaþættir – margir aðrir þættir sem valda umhverfisáhrifum.

Nýræktun skóga eini þátturinn sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum.

10. Umhverfisþættir. Ásýnd lands en ekki landslag og fleiri umhverfisþættir mættu vera með.

Búið að breyta landslag í ásýnd, útivist er með, varðandi bætt vatnsgæði vegna skógræktar er hægt að taka inn að gróðurþekja/skógur sem slíkt er í lagi vegna vatnsverndarinnar en taka þyrfti fram að athafnir sem fylgja skógrækt, þ.e. þar sem nota þarf olíuknúin tæki skapa áhættu.

11. K 9.9.3. Dýralíf Niðurstöður Brynju Davíðsdóttur (2013) leiða í ljós að þéttleiki smádýra og fugla er meiri í lúpínubreiðum en á mólendi, og muni meiri í lúpínu en á ógrónu landi. Þar sem þéttleiki smádýra, ánamaðka og fugla er mestur í lúpínu þá væri nær að friða lúpínubreiður til þess að vernda búsvæði þeirra. Hverjar eru forsendurnar að baki þess að uppbygging hafi jákvæð og neikvæð áhrif á dýralíf og hvað þýðir það

Niðurstöður hennar sýna einnig að enduruppbyggðir lyngmóar hýsa tegundir fugla sem hefur hrakað á alþjóðlega vísu á meðan þær tegundir sem þrífast í lúpínunni eru algengar.

Forsendurnar fyrir jákvæðri niðurstöðu er að dýralíf mun aukast með meiri gróðri en neikvætt þar sem tegundafjöldinn gæti minnkað með einhæfari gróðri

Umhverfisstofnun:

Telja ekki þörf á að nota lúpínu til uppgræðslu og að vinna þurfi gegn frekari útbreiðslu hennar.

Vísa í 61 gr náttúruverndarlaganna- eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar.

Við deiliskipulagsgerð svæða sem falla undir 68 gr laga nr 60/2013 um náttúruvernd skal leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.

Vatnsvernd, gæta þarf að álag hafi ekki áhrif á vatnsverndarsvæðið.

Fuglaskýli og bryggjur þurfa að vera í samráði og með leyfi UST og umhverfisnefnd Garðabæjar.

Mikilvægt að við skógrækt sé tekið tillit til náttúruininja.

Í greinargerðinni er talað um að uppræta megi ágengar tegundir.

Búið að bæta við vísun í náttúruverndarlögin við Sauðahellir.

Muna að hafa Náttúrufræðistofnun Íslands sem umsagnaraðila.

Skerpa á að samráð þarf að vera við UST vegna fuglaskýlis og bryggja.

Tekið fram að ekki sé leyfilegt að nota áburð við skógræktina nema í samráði við UST og ætti því ekki að hafa áhrif á vatnið.

Vegagerðin:

Engar ábendingar.

Veitur:

Hafa áhyggjur af veginum og veghaldi, þarf að leysa það sem fyrst. Koma þarf í veg fyrir gegnumakstur og setja upp hlið. Veitur hvetja eindregið til þess að ný bílastæði séu staðsett utan við vatnsverndina ef bílastæði verði gerð innan vatnsverndar þurfi að gæta sérstakrar varúðar við framkvæmdir. Benda einnig á að huga þurfi að mengunarvörnum við lagningu nýrra reiðstíga sérstaklega frá Grunnuvatnsvæðinu að nýju bílastæði við Hjallabrún.

Í skipulaginu er gert ráð fyrir að setja megi upp hlið og loka fyrir umferð inná vatnsverndarsvæðið. Tekið er fram í greinargerð að samráð þurfi að vera við skipulagningu og framkvæmd nýrra bílastæða.

Samantekt á tillögu skipulagshöfunda að viðbrögðum við ábendingum:Deiliskipulagsuppdráttur:

- Skoða hvort mörk deiliskipulagsins skarist við/sé í samræmi við deiliskipulag Kjóavalla.
- Tryggja að reiðstígur sé í samræmi við skipulag Kjóavalla.

Greinargerð:

- Bæta við kafla um sögu Heiðmerkur
- Bæta við upplýsingum um þá samninga sem vantar
- Laga texta um gróður aðallega um gullkoll og birki
- Laga textann um landnema – gera jákvæðari
- Athuga textann hvað varðar skógrækt og vatnsgæði

Almennt:

- Muna að hafa Náttúrufræðistofnun Íslands sem umsagnaraðila

F.h. Landslags ehf
Þráinn Hauksson landslagsarkitekt FÍLA

HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Garðatorg 5 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • www.heilbrigdiseftirlit.is • hkk@heilbrigdiseftirlit.is

Garðabær

Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri

Garðatorg 7

210 Garðabæ

Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	16.12.2015
Málalykill	512
Mál nr.	1507053

00.80 GHE Garðabær 15. desember 2015

Umsögn: Heiðmörk í Garðabæ og Sandahlíð.

Á fundi heilbrigðisnefndar þann 9. desember 2015 var lagt fram erindi skipulagsstjórans í Garðabæ frá 3. desember 2015 þar sem óskað er umsagnar um tillögur að deiliskipulagi og tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004 – 2016. Forkynning um skipulagsáætlanir fyrir Heiðmörk í Garðabæ og Sandahlíð. Vísað er til kynningargagna á heimasíðu Garðabæjar <http://www.gardabaer.is/forsida/skipulagsmal/skipulagsmal/2015/11/26/Heidmork-i-Gardabae-Sandahlid/>

Í umsögn sinni leggur heilbrigðisnefnd áherslu á beitingu varúðarreglunnar vegna nálægðar við vatnsbólin í Heiðmörk. Auk vatnsbólanna í Vatnsendakrika í Heiðmörk er nálægðin einnig við vatnsbólin í Kaldárbotnum í Hafnarfirði.

Í gildandi svæðisskipulagi fyrir höfuðborgarsvæði eru afmörkuð vatnsverndarsvæði í Heiðmörk og nágrenni og um þau svæði gildir heilbrigðissamþykkt nr. 555/2015. Í gögnum kemur fram að leiðrétting verði gerð á vatnsverndarmörkum í samræmi við svæðisskipulag.

Við framhald vinnu við skipulagsáætlanirnar þarf að leggja áherslu á markmið heilbrigðissamþykktar um verndarsvæði vatnsbóla nr. 555/2015, um að stuðla að hámarkshollustu og gæðum ómeðhöndlaðs neysluvatns á höfuðborgarsvæðinu til framtíðar. Það skal m.a. gert með því að koma í veg fyrir óæskileg áhrif af völdum athafna, starfsemi og umsvifa á vatnsverndarsvæðum vatnsbóla á svæðinu. Skipulagsáætlanir eru góð tæki til að vinna að framgangi þessara markmiða.

Nauðsynlegt er við framhald vinnu að taka sérstakt tillit til ákvæða 20. gr. samþykktar nr. 555/2015, þar sem kveðið er á um að vegir á grannsvæði skuli vera til reksturs vatnsveitna, vegna öryggismála þ.e. til aðkomu slökkviliðs og björgunarsveita og til nýtingar svæðisins til almennrar útivistar á forsendum vatnsverndar. Það hefur legði fyrir í nokkurn tíma að „Heiðmerkurvegur“ frá enda Víflsstaðahlíðar til Reykjavíkur hefur verið í slæmu ástandi langtímum saman. Formlegur vegahaldari virðist ekki vera að veginum og óljóst til hvaða vegflokks vegur þessi tilheyrir. Ekki er langt síðan veginum var lokað á veturnum vegna ófærðar s.s. vegna snjóá hálfu og aurbleytu.

Að mati heilbrigðisnefndar liggur beint við að hætta almennri umferð um veginn þar sem hann liggur um grannsvæði vatnsbóla. Til að mæta sjónarmiðum almennrar útivistar þurfa sveitarfélög sem fara með skipulagsmál að samhæfa stefnu sína um bifreiðastæði við mörk grannsvæðisins.

Virðingarfyllt
f.h. heilbrigðisnefndar.

Guðmundur H. Einarsson
Guðmundur H. Einarsson,
framkvæmdastjóri.





Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit

b.t. Arinbjörns Vilhjálmssonar,
Skipulagsstjóri Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆR

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	18.01.2016
Málalýkill	512
Mál nr.	1507053

Reykjavík, 14. janúar 2016
Tilvísun: 2015120282

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um tillögu að deiliskipulagi fyrir Heiðmörk og Sandahlíð og tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016. Forkynning.

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar, dags. 11. desember sl. til framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu, um forkynningu á tillögu að deiliskipulagi fyrir Heiðmörk og Sandahlíð og tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur tekið erindið til umsagnar ásamt meðfylgjandi gögnum, greinargerð, skilmála og umhverfisskýrslu dags. nóvember 2015. Erindið var lagt fyrir 113. fund framkvæmdastjórnar um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu þann 13. janúar 2016.

Heiðmörk liggur í tveimur sveitarfélögum, Reykjavík og Garðabæ. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) lýsir ánægju sinni yfir að nú liggi fyrir tillaga um þennan hluta Heiðmerkur en æskilegast hefði verið að Reykjavíkurborg hefði samhliða Garðabæ unnið áfram deiliskipulag sitt fyrir Heiðmörk, sbr. 2 gr. samþykktar nr. 555/2015 um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarkaupstaðar: „...Verndun er byggð á afmörkun svæðis, stjórnun, eftirliti, vöktun, samvinnu sveitarfélaga og upplýsingagjöf.“ Kópavogsbær hefur síðan aðkomu að málinu þar sem bærinn á land að Heiðmörk og þaðan innkomuleiðir inn á svæðið.

Deiliskipulagstillagan nær til þess hluta Heiðmerkur sem er innan sveitarfélagamarka Garðabæjar. Garðabæjarhluti Heiðmerkur er að stórum hluta á vatnsverndarsvæði, þ.e. á grannsvæði og öryggissvæði fyrir grunnvatn. Í gögnunum kemur fram að áætlaðar framkvæmdir sem gætu lent innan grannsvæðis vatnsverndar eru skógrækt, göngu- og reiðstígar og lagfæringar á Heiðmerkurvegi. Áætlaðar framkvæmdir sem gætu lent innan öryggissvæðis fyrir grunnvatn eru skógrækt, stígar og bílastæði.

Í deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir gegnumakstri um Heiðmörk en þó með þeim fyrirvara að sett verði upp hlið við austurenda Vífilstaðahlíðar þar sem hægt yrði að stýra umferð. HER bendir á að nauðsynlegt er að í deiliskipulagstillögu/m fyrir Heiðmörk sé áhersla á að vegir í Heiðmörk séu aðallega vegna forgangsaksturs og starfsemi vatnsveitna og skógræktar. HER bendir á að samráð og samvinna þarf að vera á milli Reykjavíkurborgar, Garðabæjar og Kópavogs um hlið og stýringu umferðar um svæðið við innkomuleiðir að Heiðmörk þannig að hægt sé að stýra almennt umferð ökutækja inn á vatnsverndarsvæðið frá öllum innkomuleiðum. Aðkoma almennings til útivistar á einkum að vera frá skipulögðum bílastæðum og áherslan lögð á að auðvelda umferð gangandi og hjólandi um svæðið.





Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit


Samráð á milli sveitarfélaganna þarf einnig að eiga sér stað við hönnun bílastæða/safnstaða við innkomuleiðir í Heiðmörk sbr. 19. gr. um grannsvæði og 57. gr. um öryggisvæði í samþykkt nr. 555/2015 en þar kemur skýrt fram að vegagerð, viðhald og vegstæði eru háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar sem setur nánari skilyrði um mengunarvarnir vegna framkvæmdanna. Í 25. gr. og 56. gr. sömu samþykktar kemur fram að gera þarf áhættumat og skila inn til viðkomandi heilbrigðisnefndar áður en framkvæmdir hefjast við vegi eða bílastæði, ef verða á vatnsverndarluta deilskipulagssvæðisins.


Heiðmerkurvegur liggur að mestu leyti utan við skipulagssvæði Garðabæjar í Heiðmörk en við svokallaða Sneiðinga í austurenda Vífilstaðarhliðar teygja skipulagsmörkin sig yfir veginn og lendir vegurinn þar innan grannsvæðis vatnsverndar. Í deilskipulagstillögunni er rætt um lagfæringar á veginum þar og bendir HER á 17. gr. samþykktar nr. 555/2015 en þar segir: „Við hönnun og uppbyggingu nýrri og eldri vega á grannsvæðum skal umferðaröryggi og mengunarvarnir lagt til grundvallar. Þar sem hætta er á útafakstri og á veghlutum þar sem grunnvatnsrennsli er til vatnsbóla skal tryggja fullnægjandi mótvægisáðgerðir.“ Að mati HER er jákvætt að sett verði bundið slitlag með efni sem samþykkt væri á vatnsverndarsvæði samkvæmt 18. gr. samþykktar nr. 555/2015: „Nýja vegi skal ekki leggja á grannsvæði nema mikilvægar ástæður séu fyrir hendi. Þá skal að jafnaði ekki leggja bundnu slitlagi, en sé það gert skal nota steinsteypu eða malbik.“

Heilbrigðiseftirlitið áskilur sér rétt til að koma með athugasemdir við þetta mál á síðari stigum og óskar eftir að fá það til umsagnar.

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur


 Arný Sigurðardóttir
 framkvæmdastjóri



 Kristín L. Ólafsdóttir
 heilbrigðisfulltrúi

Afrit sent:

Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar, b.t. Björns Axelssonar skipulagsstjóra, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

Skipulags- og byggingardeild Kópavogsbæjar, b.t. Birgis H. Sigurðssonar skipulagsstjóra, Fannborg 2, 200 Kópavogi





HEIÐMÓRK Í GARDABÆ OG SANDAHLÍÐ
DEN SKIPULAG

HEIÐIMÖRK I GARD
DEILISKIPULAG
SKÝRINGARUPPDRATTUR

INVADED-A1-7000	TERM NR	002
DACS	HASZRO	SHAGRO
FLOURE	TERQUAD	PH-ORGERE
S001	VERREAR	08110
		00110-01.dwg



LANDSLAG
LANDSLAGSARKITEKTAR FILA

	SKRIFLAUSVÖRK		BYGGINGARREITIR		GRENI STÍGURINN 5m málakur		FRIÐLYST SVÆÐI		ARKULUSSVÆÐI 20-50 STÆÐI
	MÖRK HEIMVERK (GRINGARLUNA)		ELIDAVATNSVEGUR skv. aðalstígar		AÐALSTÍGAR 3m málakur		HVÆFISVÆÐI SVÆÐI		BÍLASTÆÐI 10-20 STÆÐI
	ÖRN SVÆÐI TIL ÚTVARFA OG BÆTUNAR		VEIÐIR		ÚTIVISTIGAR 1-2m mál aðal kart		VATNSVERND ÖRYGGISVÆÐI GRUNNVATNS		ÚTIVISTIGAR
	ÁRNISSVÆÐI TIL UPPGRÆSINGAR FYRIR AÐSTÖÐU OG ÚTMYST		VEIÐUR FERÐIR		ÚTIVISTIGAR s 1m mál, kart eða síslak		VATNSVERND GRANNSVÆÐI		GRUNNVÖTN
	HÓLABRAUT		SLÓÐIR		REBLENDIR		ÁHUGAVERI STAÐIR		

Skipulagsnefnd Garðabæjar

Skipulagsstjóri Arinbjörn Vilhjálmsson

Garðatorgi 7

210 Garðabæ

adalskipulag@gardabaer.is

Kjóavöllum 6. janúar 2016.

Efni:

Deiliskipulag Heiðmerkur og Sandahlíðar.

Hestamannafélagið Sprettur þakkar fyrir kynningarfund um deiliskipulag Heiðmerkur og Sandahlíðar sem haldin var í Flataskóla þann 1. desember sl.

Þessar athugasemdir eru gerðar við deiliskipulagstillögurnar er reiðvegi varðar:

1. Tenging reiðvega frá Kjóavallasvæði í Grunnuvatnaskarð; það er krafa hestamanna að reiðvegur í Grunnuvatnaskarð verði mun austar en sýnt er á deiliskipulagsupprætti. Ekki gengur að reiðvegur liggi frá Elliðavatnsvegi og fyrirhuguðum nýjum bílastæðum við Sandahlíð svo sem sýnt er í skipulagsdrögunum. Hætta er á að óæskileg umferð vélknúinna ökutækja freistist til þess að aka inn á reiðstíginn sem er 3-4 mtr. breiður malarstígur. Æskilegt er að reiðvegur frá Kjóavöllum í Grunnuvatnaskarð sé frá núverandi tamningagerði eða austar um hlið sem er á girðingu í Sandahlíð, með hliðarfætinum í Grunnuvatnaskarð. Í öllum tilvikum þarf reiðvegur að þvera fyrirhugaðan malbikaðan göngustíg og getur vart munað neinu hvort það er gert einhverjum metrum austar eða vestar. Á meðfylgjandi skipulagsupprætti hafa hugmyndir hestamanna verið teiknaðar inn á uppráttinn.
2. Hestamenn eru mjög sáttir við fyrirhugaðan reiðveg hjá Grunnuvötnum, en óska eftir reiðvegatengingu austan við Grunnavatn-syðra á fyrirhugaða reiðvegi á Vatnsenda-heiði. Reiðveganefnd Sprettis hefur komið hugmyndum um reiðvegi á Vatnsendaheiði á framfæri við skipulagsstjóra Kópavogs og verður samráðsaðili hmf. Sprettis vegna þessa.
3. Athugasemdir eru gerðar við að deiliskipulagstillögur Heiðmerkur og Sandahlíðar rýma ekki vil gildandi deiliskipulag Kjóavalla. Á deiliskipulagi Kjóavalla er sýndur reiðvegur meðfram girðingu milli bílastæðis Sandahlíðar og tamningagerðis á Kjóavöllum. Reiðvegur þessi liggur í undirgöng undir Elliðavatnsveg og tengist reiðvegi um Smalaholt.

Virðingarfyllt

Fh. Hestamannafélagsins Sprettis

Halldór H. Halldórsson reiðveganefnd Sprettis

Gsm; 892 8678 – email; bilamalunh@gmail.com

Fylgiskjal: Deiliskipulagsuppráttur Heiðmerkur og Sandahlíðar með breytingum v/ reiðvega.



Kópavogsbær

Fannborg 2
200 Kópavogur
Sími 570 1500
kopavogur.is

Garðabær

Garðatorgi 7
210 Garðabær

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	18.12.2015
Málalykill	512
Mál nr.	1507053

Kópavogi, 16. desember 2015
1512135/510.02 BHS

Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016. Breyting á aðalskipulagi. Heiðmörk í Garðabæ og Sandahlíð.

Á fundi skipulagsnefndar 14. desember var lagt fram erindi frá Garðabæ dags. 3. desember 2015 vegna tillöga að deiliskipulagi og breytingar á Aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016, forkynning. Breytingin nær til Heiðmerkur í Garðabæ og Sandahlíðar. Lagt fram erindi frá Garðabæ dags. 3.12.2015 ásamt aðalskipulagsupphætti, deiliskipulagsupphætti, skýringarupphætti og umhverfisskýrslu. Óskað er eftir umsögn Kópavogs fyrir 15.1.2016.

Skipulagsnefnd Kópavogs bendir á mikilvægi þess að unnin verði tillaga að heildarskipulagi Heiðmerkur bæði í lögsögu Reykjavíkur og Garðabæjar. Nefndin telur jafnframt mikilvægt að sveitarfélög sem eiga lögsögu að Heiðmörk komi að þeirri vinnu.

Virðingarfyllst,

Birgir H. Sigurðsson
Skipulagsstjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	28.12.2015
Málalykill	512
Mál nr.	1507053

Bæjarskrifstofur Garðabæjar
Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabær


22.12 2015
2015-12-8/0.11.2

Efni: Ábendingar Landsnets vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Heiðmörk í Garðabæ og Sandahlíð og tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2001-2016. Forkynning, sbr. bréf til Landsnet dags 3. desember 2015.

1. Kafli 6.9 Háspennulínur, bls. 32.
Í texta segir að gert sé ráð fyrir því að lagðir verði jarðstrengir í stað núverandi 132 kV Hnoðraholtslínu utan Grunnvatnasvæðisins. Vakin er athygli á því að Landsnet hefur engin áform um að setja Hnoðraholtslínu í jarðstreng á þessu svæði.
2. Kafli 6.9 Háspennulínur, bls. 32.
Í texta segir einnig að gert sé ráð fyrir að því að Hamraneslínur 1 og 2 verði fjarlægðar þegar Búrfellslína 3 og Kolviðarhóslína 2 verði komnar í rekstur. Leiðréttu þarf nafn línunnar sem þarf að vera komnar í rekstur. Línan heitir „Sandskeiðslína 1“. Því er rétt að fjarlægja nöfn Búrfellslínu 3 og Kolviðarhóslínu 2 og setja Sandskeiðslínu 1 inn í staðinn.

Að þessu sögðu senda starfsmenn Landsnets starfsmönnum á bæjarskrifstofu Garðabæjar bestu óskir um gleðilega hátíð og farsælt komandi ár.

Virðingarfyllst



Hildur B. Hrólfsdóttir

Gæða- og umhverfisstjóri / Head of Quality and Environmental Management

MSc Verkfræðingur / MSc. ChE.

+354 563 9312 / hildur@landsnet.is / www.landsnet.is

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03.2026

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	19.01.2016
Málalýkill	572
Mál nr.	1507053



Minjastofnun
Íslands

Garðabær
Arinbjörn Vilhjálmsson
Skipulagsstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabær

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

www.minjastofnun.is

Kennitala: 440113-0280

Reykjavík 15. janúar 2016
MÍ201512-0039/ 6.09 / K.M.

Efni: Heiðmörk og Sandahlíð. Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016 og deiliskipulag.

Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri
kristinn@minjastofnun.is

Minjastofnun Íslands hefur mótttekið bréf skipulagsstjóra Garðabæjar frá 3. des. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016 og tillögu að deiliskipulagi Heiðmerkur í Garðabæ og Sandahlíðar.

Skipulagssvæðið afmarkast af Heiðmörk í Garðabæ og Sandahlíð. Það er 907 ha að stærð. Fornleifar hafa verið skráðar á svæðinu. Niðurstöður skráningarinnar birtist í skýrslu fornleifafræðinganna Ragnheiðar Traustadóttur og Ómars Smára Ármannssonar, *Heiðmörk og Sandahlíð í Garðabæ, Fornleifaskráning vegna deiliskipulags*. Rúmlega 40 minjar voru skráðar en sumar þeirra eru yngri en 100 ára og falla því ekki undir skilgreiningu laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) um fornleifar.

Vífilstaðasel er vestarlega á svæðinu nærri miðja vegu milli norður- og suðurmarka skipulagssvæðisins. Þar eru tóftir, sem skrásetjarar telja tengjast selstöðu frá tveimur mismunandi tímaskeiðum, auk annarra minja sem tengjast seljunum.

Tvennar fornleifar eru talda í hættu af skrásetjurum. Annars vegar er það Sauðahellir (175-21) í norðausturbrún Flatahrauns gengt Kolanefi. Frá honum þarf að grisja skóg sem farinn er að vaxa við inngang hellsins. Hins vegar eru rústir stekks á Mariúvöllum. Rústunum hefur þegar verið raskað að hluta og þarf að gæta þess að þær verði ekki fyrir frekara raski. Nærri stekknum var rétt sem nú er horfin undir veg.

Í greinargerð skipulagstillögunnar kemur fram að deiliskipulaginu er ætlað að tryggja verndun menningarminja og að lögð verði áhersla á fræðslu um þær.

Í kafla 5.2.4 í greinargerðinni er fjallað um helstu minjar á svæðinu. Í köflum 6.7 í greinargerð og kafla 9.9.7 í umhverfisskýrslu er fjallað um

áhrif skipulagsins á fornleifar. Þar kemur fram að gert er ráð fyrir að vekja athygli á helstu fornleifum á skipulagssvæðinu t.d. með yfirlitskorti með upplýsingum um helstu fornminjar og hvernig ber að umgangast þær við græn hlið svæðisins auk væntanlegra bílastæða við gamla línuvegin uppá Vífilsstaðahlíð. Við Vífilsstaðasel verða settu upp fræðslu- og upplýsingaskilti og aðkomuleiðir að því vel merktar. Þá er gert ráð fyrir aðalstíg að minjasvæðinu.

Í greinargerð segir að ekki sé gert ráð fyrir að neinar framkvæmdir verði í næsta nágrenni við minjar sem gætu raskað þeim. Þar kemur einnig fram að ekki megi rækta skóg nær fornminjum en 20 metra og að ef minjum stafar hættu af gróðri þá sé heimilt að fjarlægja hann.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016 og tillögu að deiliskipulagi Heiðmerkur í Garðabæ og Sandahlíðar. Stofnunin fagnar þeim áherslum sem fram koma í skipulaginu varðandi vernd menningarminja og miðlun upplýsinga um minjarnar. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,



Kristinn Magnússon
Verkefnastjóri

Afrit sent: Skipulagsstofnun



Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	19.01.2016
Málalykill	512
Mál nr.	1507053

Garðabær 18.01.2016

Garðabær
Arinbjörn Vilhjálmsson
Pósthólf 40
212 Garðabær

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 15. janúar 2016 varðandi eftirfarandi mál.

Garðabær, deiliskipulag Heiðmerkur

Lagt fram bréf Garðabæjar, dags. 3. desember 2015, þar sem kynnt er tillaga að deiliskipulagi Heiðmerkur í Garðabæ og Sandahlíð. Óskað er eftir að ábendingar berist fyrir 15. janúar 2016. Einnig lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. janúar 2016.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. janúar 2016 samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa

Ann María Andreassen

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 13. janúar 2016.



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

Reykjavík 13. janúar 2016

Varðar: Garðabær, tillaga að deiliskipulagi Heiðmerkur í Garðabæ og Sandahlíð.

Lagt er fram bréf Garðabæjar, dags. 3. desember 2015, þar sem kynnt er tillaga að deiliskipulagi Heiðmerkur í Garðabæ og Sandahlíð. Óskað er eftir að ábendingar berist fyrir 15. janúar 2016. Í samræmi við 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. greinar skipulagslaga nr. 123 2010 auglýsir Garðabær hér með forkynningu á tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016 og á tillögu að deiliskipulagi Heiðmerkur í Garðabæ og Sandahlíð. Tillaga að breytingu aðalskipulags gerir ráð fyrir því að land sem tilheyrir Heiðmörk innan Garðabæjar og svæði Skóræktarfélags Garðabæjar í Sandahlíð verði skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Gert er ráð fyrir breytingum á legu útivistarstíga og reiðstíga til samræmis við tillögu að deiliskipulagi. Breytingartillagan er sett fram á uppdrætti.



Tillaga, skýringaruppdráttur

Markmiðið með deiliskipulaginu er að fá heildstæðara og markvissara skipulag fyrir svæðið sem verndar- ræktunar- og útivistarsvæði. Gildi svæðisins sem slíks verður styrkt með því að skilgreina skógræktarsvæði fyrir útivistarskóg, afmarka útivistarsvæði m.a. fyrir skátana þar sem lítil útilífsmiðstöð verður staðsett, afmarka áningarstaði m.a. með nestis- og grillaðstöðu, sýna lagfæringu á Heiðmerkurvegi og á línuveginum og skilgreina bílastæði. Skilgreina göngu-, hjóla- og reiðstíga, sem tengja saman mismunandi svæði til að bæta aðgengi almennings og styrkja gildi svæðisins til fjölbreyttrar útivistar. Einnig á deiliskipulagið að taka tillit til þeirrar verndunar sem í gildi er á skipulagssvæðinu og tryggja verndun náttúru- og menningarminja. Deiliskipulagstillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð. Forkynning stendur yfir til 15. janúar 2016.

Sveitarfélagsmörk Reykjavíkur og Garðabæjar liggja hvort að öðru á um 2,1 km kafla. Í aðalskipulagi Reykjavíkur þá er svæðið skilgreint sem opið svæði, merkt OP16 á landnotkunarkorti og grannsvæði vatnsverndar gildir á því svæði líkt og er hinum megin sveitarfélagsins í Garðabæ. Svæðið er jafnframt innan hins skilgreiningar á græna treflinum, en um hann segir í landnotkunarkafli aðalskipulagsins:

“ Græni trefillinn myndar umgjörð um borgina og skilgreinir mörk útmerkur og þéttbýlis. Græni trefillinn er samfelld skógræktar- og útivistarsvæði þar sem lögð er áhersla á fjölbreytt náttúrufar og lífríki og sambland skógræktar- og ósnortinna náttúrusvæða. Skógrækt innan Græna trefilsins er ákvörðuð á grunni náttúrufarsúttekta og heildarskipulags fyrir viðkomandi svæði. Ekki er gert ráð fyrir byggð innan Græna trefilsins en þó má gera ráð fyrir mannvirkjum er tengjast almennri frístundaiðju og útivistarnotkun ásamt gatnatengingum. Ekki er gert ráð fyrir fjölgun sumarhúsa innan Græna trefilsins en viðhalda má og endurnýja núverandi sumarhús á svæðinu. Með því er átt við að lagfæra má hús eða endurbýggja ný af sambærilegri stærð og eldri hús. Heimilt er að reisa byggingar og mannvirki sem tengjast skipulagðri útivistarog frístundaiðju innan græna trefilsins. Það er skýrt skilyrði að ekki verði tekið land undir slíka starfsemi umfram það sem nauðsyn ber til og að ekki verði reistar byggingar og mannvirki sem spilla umhverfinu.


- Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir Heiðmörk í landi Reykjavíkur en vinna við slíkt skipulag var langt komin, en frestað í lok árs 2012. Ef málið verður tekið upp að nýju mun það verða endurauglýst. Á auglýsingatímabili skipulagsins þá gerði Garðabær athugasmdir við skipulagið og eru þær sýndar hér að neðan ásamt viðbrögðum Reykjavíkurborgar.

Bréf Garðabæjar dags. 31. ágúst	
Athugasemd	Svör
Lagt er til að stigar sem nú eru skilgreindir sem gönguslóðar verði skilgreindir sem stofnstigar s.s. Tungustigur norðan Hjallabrautar eða stigur á milli Borgarstjóráplans og Pálsundar. Þannig yrði til skýr greið stigatenging á milli miðsöðvarsvæðis við Elliðavatn og Hjalafjatar	Þakkað er fyrir ábendinguna og lagt til að í deiliskipulaginu verði umrædd leið styrkt sem samgönguæð gangandi og hjólandi umferðar eftir svæðinu og á milli sveitarfélaganna.
Í aðalskipulagi Garðabæjar er gert ráð fyrir reiðstíg tengist inn í bláhorn Reykjavíkurhlutans sunnan Vatnsendaborgar og aftur útúr Reykjavík inn í Kópavog. Taka þarf upp samráð á milli sveitarfélaganna um þessa stigatengingu.	Umræddum reiðstígsbút hefur verið bætt inn í deiliskipulagið.
Mikilvægt er að Reykjavík og Garðabær sameinist um gerð yfirlitsuppráttar af Heiðmörk þar sem sýndar eru sameiginlegar skipulagsákvæðanir.	Tekið eru undir þessa ábendingu.

- Skal hafa þessar ábendingar til hliðsjónar við göngustíga- og reiðstígatengningar milli sveitarfélaga, þannig að ekki verði ósamræmi í skipulagsáætlunum sveitarfélaga er varðar tengingar. Drög að deiliskipulagi Heiðmerkur í landi Reykjavíkur, uppfært eftir athugasemdir og svör, er hægt að nálgast hjá Reykjavíkurborg verði þess óskað. Lagfæra skal stígatengingar milli sveitarfélaga sé þess þörf m.v. fyrirbyggjandi tillögu.
- Heiðmerkurvegur hefur verið mikið í umræðunni síðust ár, og þá sérstaklega eftir að Vegagerðin tók hann af þjóðvegaskrá árið 2007. Gerð deiliskipulags Heiðmerkur í landi Reykjavíkur var langt komin á sínum eins og fyrr segir og mun í því skipulagi vera tekin afstaða til vegarins, þ.e. hlutverk vega, aðkomuleiða og veghald gert skýrt. Eins og er almennt vitað þá hafa þeir aðilar sem koma að vatnstöku í Heiðmörk, heilbrigðiseftirlitin og vatnsveitur, haft áhyggjur af ástandi vega á svæðinu og óheftri almennri umferð um svæðið.
- Bent er á merkingu á tillögu- og skýringarupprætti, þar sem merkt er Reykjavík þar sem er um land Kópavogs að ræða. Það þarf að lagfæra á báðum uppráttum.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /Björn I. Edvardsson

Skógar og möguleg skógræktarsvæði í Garðabæjarhluta heiðmerkur og Sandhlíð



Skýringar

- Friðlýsing
- Möguleg skógræktarsvæði 78 ha
- Birkiskógar 412 ha
- Ræktad skóglendi 241 ha

FRÍÐLÝSING	FRÍÐLÝST SVÆÐI	ADKOMUSVÆÐI 20-50 STÆÐI
ALSTÍGAR málarskógar	HVERFISVERNDUÐ SVÆÐI	BÍLSTÆÐI 10-20 STÆÐI
VISTARSTÍGAR málarskógar	VATNSVERND ÖRYGGISVÆÐI GRUNNVATNS	ÚTSYNNISSTADUR
VISTARSLÓÐAR málarskógar	VATNSVERND GRANNISVÆÐI	GRUNNVÖTN

HEIÐMÖRK Í GARÐABÆ OG SANDHLÍÐ
DEILISKIPULAG
SKÝRINGARUPPRÁTTUR



Skógræktarfélag Reykjavíkur
www.heidmork.is

Garðabæjarhluti heiðmerkur og Sandhlíð
Unnið af Skógræktarfélagi Rvk. Jan 2016

Skjal sýtt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Heiðmörk í Garðabæ og Sandahlíð – Deiliskipulag

Athugasemdir og ábendingar

Inngangur

Skógræktarfélag Reykjavíkur fagnar því að Garðabær standi fyrir gerð deiliskipulags af skógræktar- og útivistarsvæði Heiðmerkur. Það er mikið framfaraskref og staðfesting á þeim markmiðum sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur unnið að á svæðinu sl. 70 ár. Grunnurinn að því að þetta er skógræktar- og útivistarsvæði felst í samningi sem félagið gerði við Ríkisspítalana 1957 þar sem félaginu var afhent svæðið til 99 ára. Sá samningur var lokahnykkur á markmiðum félagsins við að búa til Heiðmörk eins og hún er í dag. Fyrst var gert samkomulag við Reykjavíkurborg 1950 þegar Heiðmörk var stofnuð og náði hún þá yfir hluta Elliðavatnsjarðarinnar og Hólm. Árið 1956 var hún stækkuð með eignarnámi huta Vatnsendajarðarinnar og 1957 gerður samningur um land Vífilsstaða. Árið 2013 var síðan bætt 200 ha landspildu við meðfram Suðurlandsvegi með samningi við Reykjavíkurborg. Nauðsynlegt er að þessum samningi við Ríkisspítala verði getið sérstaklega enda er um eitt af markverðustu stofnskjöllum Heiðmerkur að ræða.

5.2.2 & 6.4.1.5 Gróður

Ábending:

Í kafla 5.2.2 er vitnað til skýrslu um friðland Vífilsstaðavatns og þar tilgreint að gullkollur (*Anthyllis vulneraria*; lágvaxin plöntutegund af ertublómaætt sem líklega er fremur nýlegur landnemi á Íslandi) sé sjaldgæf planta. Þetta er rangt; gullkollur verður sífelld algengari og útbreiddari á suðvesturhorni landsins, eftir að friðun gagnvart beit sauðfjár varð þar regla og ekki undantekning. Þessi staðhæfing um að gullkollur eigi í vök að verjast er síðan ítrekuð í kafla 6.4.1.5. Í sama kafla er lögð áhersla á nauðsyn þess að viðhalda náttúrulegu gróðurfari, en jafnframt lögð á það áhersla að nokkrar tegundir plantna sem sáð hafa sér á náttúrulegan hátt inn á svæðið skuli upprættar. Í þessu er þversögn.

5.4.2 Aðalskipulag Garðabæjar 2004-2016

Í kaflanum er vitnað í ýmis lög og reglugerðir um t.d. náttúruvernd og umhverfisáhrif. Það ætti að vera óþarfi að fjalla sérstaklega um þetta í skýrslunni umfram önnur lög þau sem finna má í lagasafni Alþingis (<http://www.althingi.is/lagasafn/>).

5.5.2. Samningur Garðabæjar og Skógræktarfélags Reykjavíkur

Titill þessa kafla ætti frekar að vera: Samningar við Skógræktarfélag Reykjavíkur, þar sem um fleiri en einn samning er að ræða.

Grunnurinn að því að þetta er skógræktar og útivistarsvæði felst í samningi sem félagið gerði við Ríkisspítalana 1957 þar sem félaginu var afhent svæðið til 99 ára. Sá samningur var lokahnykkur á markmiðum félagsins við að búa til Heiðmörk eins og hún er í dag.

6.5 Skógræktarsvæði – Útivistarskógur

Þar er eftirfarandi setning „Ekki er leyfilegt að gróðursetja í villtum birkiskógi og æskilegt að koma í veg fyrir að aðrar ágengar tegundir berist inn í kjarrið“.

Þar ætti frekar að standa:

Taka skal tillit til þess Birkiskógar sem fyrir er á svæðinu.

Ábending:

Hér er rétt að staldra við og skoða málið. Þegar Skógræktarfélagi Reykjavíkur var afhent svæðið 1957 hafði birki nánast verið útrýmt með ofnýtingu og ofbeit. En með friðunaraðgerðum og gróðursetningu birkis tókst að snúa þeirri þróun við og það rækilega að nú þekur birki liðlega 20% af flatarmáli Heiðmerkur og er því ríkjandi gróðursamfélag. Þar sem umtalsverðar hluti birkilendis í Heiðmörk hefur orðið til með gróðursetningu, er ómögulegt að segja til um hvaða birki í Heiðmörk telst „villt“ birki. Þá er ljóst að vegna áframhaldandi kröftugra sjálfsáninga birkis og gróðursetninga mun þekja birkis aukast en frekar. Birkiskógur og -kjarr er sú gróðurgerð Heiðmerkur sem er algengust og síst í útrýmingarhættu og því minnsta þörfin á sérstakri varðveislu umfram það sem kveðið er á um í skógræktarlögum. Þá er heldur ekki um að ræða verndun á sérstöku erfðaefti birkis að ræða eða staðarafbrigðis. Með aldalangri rányrkju hefur verulegum hluta erfðaeftisins verið eytt og með verulegum gróðursetningum birkis sl. 70 ár á svæðinu hefur erfðaefti birkis verið flutt inn á svæðið, sennilega úr öllum landshlutum og ekki er hægt að aðgreina uppruna þess. Hvort stöku ágeng planta sáir sér inn í birkið gerir því einfaldlega ekkert til í þeirri gróðurframvindu sem fer fram í Heiðmörk. T.d. gulvíði og reynivið má vel flokka sem ágengar tegundir eins og birkið og því undarlegt ef þær tegundir mættu ekki vaxa innan um birkið. Þá má benda á að þegar birkið vex upp úr lúpínusvæðum er auðvelt að rangtúlka þá gróðurframvindu sem við blasir, með þeim hætti að fyrrnefnda tegundin eigi í vök að verjast fyrir hinni síðarnefndu.. Þessi mistúlkun er algeng, í þá veru að þar sé lúpínan að sá sér inn í birkið, meðan raunin er þveröfug.

6.4.2.3 Gróður (sjá aðra kafla með sama heiti)

Ítrekað er fjallað um í skýrslunni að skógrækt sé ekki heimil innan 20 metra frá fornminjum. Ákvæði er um þetta er í lögum um menningarminjar og því ætti að vera óþarfi að fjalla sérstaklega og margendurtekið um þetta í skýrslunni umfram önnur lög þau sem finna má í lagasafni Alþingis (<http://www.althingi.is/lagasafn/>).

Ábending:

Þá má geta þess að í orðinu skógrækt felst meðal annars vernd gróðurs eins og Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur stundað á skipulagssvæðinu í 70 ár. Þetta hefur m.a. stuðlað að mikill útbreiðslu birkis sem mun sá sér í minjarnar með tíð og tíma. Á þann hátt er skógrækt stunduð á minjunum og ekki verður heimilt að eyða þeim skógi nema með sérstöku leyfi samkvæmt skógræktarlögum (<http://www.althingi.is/lagas/142/1955003.html>). Þá er rétt að upplýsa um að skógar vernda minjar fyrir rofi vatns og vinda. Einnig má benda á að ef birkikræðan verður mjög þétt, ver hún minjarnar fyrir ágangi og traðki fólks. Þó lögin um vernd fornminja séu afdráttarlaus ber að hafa í huga, að náttúrleg gróðurframvinda getur betur tryggt vernd fornminja en ákvæði í lögum um menningarminjar (<http://www.althingi.is/lagas/144b/2012080.html>).

6.5.2 Skógræktarfélag Reykjavíkur – Heiðmörk Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur umsjón með Heiðmörk, en í þessu deiliskipulagi er verið að fjalla um Garðabæjarhluta Heiðmerkur sem er u.þ.b. 1000 ha svæði, heildarstærð Heiðmerkur er hinsvegar 3200 ha. Því væri réttara að tala ekki um Heiðmörk í heild sinni, eins og orðalagið í kaflanum gefur til kynna.

Heildarstærð skóglendis í Garðabæjarhluta Heiðmerkur er um 653 ha, þar af er nemur stærð birkiskógarins um 412 ha. Mögulegt skógræktarsvæði í þessum hluta Heiðmerkur er um 78 ha samkvæmt greiningu á mögulegum skógræktarsvæðum sem unnin eru út frá hitafarsgögnum (sjá meðfylgjandi kort). (<http://heidmork.is/wp-content/uploads/2015/04/borgarskograekt1.pdf>)

6.5.3. Landnemafélög

Fjölmargar landnemaspildur eru í Garðabæjarhluta Heiðmerkur allt frá 1957, þar er um að ræða félagasamtök, fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga sem hafa fengið úthlutað svæðum til þess að sinna ræktun. Ekki er um eignarhald að ræða á landnemaspildum og er það Skógræktarfélag Reykjavíkur sem hefur umsjón með svæðum og á þau tré sem þar vaxa. Það eru ekki skýr landamæri á landnemaspildum og ekki er leyfilegt að setja upp girðingar eða afmarkanir af neinu tagi, ennfremur eru ekki leyfðar bygginar á spildunum. Starfsemi

landnema byggist fyrst og fremst á uppgræðslu, gróðursetningum, lagningu gögnustíga, uppsetningu nestisborða og skilta. Þáttaka landnemafélaga í ræktun skóga í Heiðmörk hefur haft ómetanleg áhrif á fjölbreytni og uppbyggingu útivistarsvæðisins og er að mörgu leyti einkennandi hluti útivistarskógarins.

Þörf er á hvatningu til Landnema fremur en að takmörkun á starfsemi þeirra. Styrkleiki útivistarskógarins felst að miklu leiti í fjölbreytileika sem fæst með mismunandi áherslum í skógrækt ólíkra landnemahópa. Landnemar fá og hafa fengið leiðbeiningar og plöntur hjá skógræktarfélaginu.

Skógræktarfélagið hefur heimild til þess að fjölga landnemaspildum á svæðinu.

6.8.7 Samkomur.

Umtalsverðir möguleikar eru á samkomum á ýmsum stöðum á skipulagssvæðinu og er það einn af styrkleikum svæðisins. Um er að ræða eitt vinsælasta útivistarsvæði höfuðborgarsvæðisins, þar sem fólk hittist til þess að njóta útivistar hvort sem það er fyrirfram skipulagt eður ei. Það hlýtur að teljast ólíklegt og jafnvel óraunhæft að útivistargestir fari að leita samráðs Garðabæjar, Skógræktarfélags Reykjavíkur og heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar og Kópavogsbæjar til þess að hittast á Hjallaflötum eða öðrum hlutum útivistarsvæðisins.

8.2. Útilífsmiðstöð

Gera þarf samning við Skógræktarfélag Reykjavíkur um byggingu útilífsmiðstöðvar á Heiðmörk. Þar sem það væri fyrsta heimild til byggingar á Heiðmörk.

9.5 Áhrifaþættir

Hér væri hægt að benda á marga jákvæða þætti við nýræktun skóga. Hver eru þau umhverfisáhrif af nýræktun skóga sem gera það að verkum að það er eina atriðið sem talið er fram í þessum kafla?

Það eru aðrir þættir en nýræktun skóga sem gætu valdið umhverfisáhrifum. T.d. að færa vegstæði, bílastæði, að leggja háspennulínur í jörðu, byggja útilífsmiðstöð og auka aðgengi gesta að svæðinu.

9.6 Umhverfispættir

Í liðnum landslag er nefnt að skógrækt breyti landslagi, en hið rétta er að skógrækt breytir ásýnd lands en ekki landslagi.

Sú staðhæfing að: aðrir umhverfispættir eru ekki eru taldir verða fyrir áhrifum innan deiliskipulasvæðis. Það getur varla verið rétt því þetta er ekki tæmandi listi. Það mætti t.d. nefna að aukin skógrækt stuðlar að frekari útivist og að skógrækt bætir vatnsgæði.

9.7. Viðmið og umhverfismarkmið

Ábending:

„Affordord: effects of afforestation on ecosystems, landscape and rural development.“ er ekki stefnumarkandi skýrsla, heldur greinasafn.

Listi yfir helstu samþykktir um skóga:

- Borgarskógar <http://heidmork.is/wp-content/uploads/2015/04/borgarskograekt1.pdf>
- Sustainable development goals. <https://sustainabledevelopment.un.org/?menu=1300>
- Parísarsamningurinn. <http://unfccc.int/resource/docs/2015/cop21/eng/l09.pdf>
- The role of productive woodlands in water management.

http://www.confor.org.uk/Upload/Documents/37_TheRoleofProductiveWoodlandsinWaterManagementConforMarch2015.pdf

- Ályktanir ráðherrafrunda um vernd skóga í Evrópu
- Bernarsamningurinn
- Byggðaáætlun
- Loftslagssamningur Sameinuðu þjóðanna og stefna stjórnvalda í loftslagsmálum
- Lýðheilsustefna
- Lög nr. 95/2006 um landshlutaverkefni í skógrækt
- Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000
- Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006
- Lög um náttúruvernd nr. 44/1999
- Ramsarsamningurinn
- Ríósamningurinn
- Skipulagslög nr. 123/2010
- Skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga
- Skógar á Íslandi. Stefna á 21. öld. <http://www.skogur.is/media/ymislegt/Stefna-skogar.pdf>

- Skuldbindingar gagnvart samþykktum skógarmálaráðherra Evrópulanda, um verndun skóga í Evrópu. http://foresteurope.org/ministerial_conferences/commitments
- Selfossyfirlýsing norrænna skógarmálaráðherra um sjálfbæra skógrækt (2008) <http://norden.diva-portal.org/smash/get/diva2:764729/FULLTEXT01.pdf>
- Skógrækt í sátt við umhverfið
- Skógræktarlög nr. 3/1955
- Tillaga um vernd og endurheimt íslenskra skóga – umhverfisráðuneytið 2007
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um varnir gegn eyðimerkurmyndun
- Stefnumörkun Íslands um framkvæmd Samningsins um líffræðilega fjölbreytni
- Stefna stjórnvalda í loftslagsmálum
- Velferð til framtíðar – Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi – Stefnumörkun til 2020
- Lögum um menningarminjar (<http://www.althingi.is/lagas/144b/2012080.html>)

9.9.2 Gróður

Ábending:

Talað er um að háplöntum muni fækka, séu þær fyrir hendi á væntanlegu skógræktarsvæði og er þar vitnað með óljósum hætti í safn greina sem birtist árið, í tengslum við samnorræna verkefnið „Affornord“ (<http://www.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A701703&dswid=-5103>).

Tegundafjölbreytni einstakra lífveruhópa er lélegur mælikvarði á náttúrufarsleg gæði. Það geta vissulega verið fleiri tegundir háplantna í mólendi en í skógi en það geta líka verið fleiri tegundir skófa sem vaxa á steinum á mel en í mólendi. Framleiðsla vistkerfa er betri mælikvarði á gæði. Gæði útivistarsvæða eins og Heiðmerkur er að miklu leyti háð vistkerfaþjónustu sem felast í t.d. útivist og vatnsmiðlun, magn þessara gæða skiptir höfuðmáli í beinu sambandi við það álag sem er á svæðinu. Það er eðli vistkerfa að breytast með tíma. Í þeim á sér stað ýmis konar rask og framvinda sem hefur áhrif á tegundasamsetningu, hlutföll milli tegunda, virkni næringarefnahringrásra og margt fleira. (Þröstur Eysteinnsson, 2015. Skófir á grjóti: hugleiðingar um mótun vistkerfa. Skógræktarritið 2015: 29-39.)

(Maier, D.M. 2012. What's so good about biodiversity. A call for better reasoning about nature's value. The international Library of Environmental and Food Ethics 19. Springer. 568 bls.)

Ábending:

Það kemur fram í kaflanum að: Gæta þarf þess að leyfa svæðum utan áætlaðara skógræktarsvæða að þróast eftir eigin lögmálum, þó að sporna við ágegnum tegundum. Í þessu felst ákveðin þversögn. Í hvaða „lögmál“ er hér verið að vísa til? Ekkert náttúrulegt lögmál er til sem gefur til kynna hvaða stöðu vistkerfi á að vera í eða þurfi að endurheimta, það er því geðþóttaákvörðunum manna. Ennfremur getur vistkerfi varla þróast af sjálfsdáðum, ef verið er að fjarlægja ákveðnar tegundir sem mönnum þóknast ekki. Ákvæði um heimild til að fjarlægja svokallaðar ágengar tegundir, kann að eiga við um friðlýst svæði innan Grunnuvatna, en Skógræktarfélag Reykjavíkur leggst alfarið gegn slíkum heimildum utan friðlýsta svæðisins. Það eru ýmsar aðrar tegundir sem teljast ágengar, m.a. birki sem telja mætti í flokk ágengra tegunda því birki getur auðveldlega sáð sér út í skóglaut land og breytt þar með eðli og virkni vistkerfisins. Rannsókn Daða Björnssonar á þróun lúpínu í Heiðmörk bendir síður en svo til að hún hafi gerst sek um „ágengni“. Þar sem lúpinunni var plantað fyrir hálfri öld í ógróna mela er nú komið gras og blómlendi ofan á um 10 cm moldarlagi. Lúpinan hefur unnið sitt verk og hörfar nú hratt. (Daði Björnsson, 2011: „Hörfar lúpinan? Dæmi úr Heiðmörk.“ Skógræktarritið <http://www.skog.is/images/stories/frettir/2011/horfar-lupinan.pdf>)

9.9.3 Dýralíf

Inntak málsgreinar um rannsókn á fuglalífi er óljós. Er átt við að fjöldi fuglategunda í votlendi sem telja megi meiri en annarsstaðar og að fjöldi einstaklinga sé mestur í barrskógi og lúpínu? Niðurstöður Brynju Davíðsdóttur (2013) leiða í ljós að þéttleiki smádýra og fugla er meiri í lúpinubreiðum en á mólendi, og muni meiri í lúpínu en á ógrónu landi. Þar sem þéttleiki smádýra, ánamaðka og fugla er mestur í lúpínu þá væri nær að friða lúpinubreiður til þess að vernda búsvæði þeirra.

<http://skemman.is/item/view/1946/14943;jsessionid=07F0C313664F8CA92B61154E10D1E9F7>
[http://landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/0/899250a9aa3a0f71002572e5003ba2d6/\\$FILE/%C3%81hrif%20sk%C3%B3gr%20%C3%A1%20%C3%A1nama%C3%B0ka_grein.pdf](http://landbunadur.is/landbunadur/wgsamvef.nsf/0/899250a9aa3a0f71002572e5003ba2d6/$FILE/%C3%81hrif%20sk%C3%B3gr%20%C3%A1%20%C3%A1nama%C3%B0ka_grein.pdf)

Hér er aftur nefnt að leyfa svæðum utan skógræktarsvæða að þróast eftir eigin lögmálum. Auk þess að sporna við svokölluðum ágengum tegundum. Þetta stenst ekki skoðun. Hverjar eru forsendurnar að baki þess að uppbygging hafi jákvæð og neikvæð áhrif á dýralíf og hvað þýðir það?

9.9.4 Landslag

Málgreinin einkennist af huglægu mati og smekk höfundar á landslagi eða ásýnd landslags. Skógrækt breytir ekki landslagi, frekar ásýnd landslags.

Mikilvæg er að samingur Skógræktarfélags Reykjavíkur við Ríkisspítalann frá sjötta áratug síðustu aldar, þar sem Heiðmörk er afhent félaginu, verði einnig sem viðauki á deiliskipulaginu, rétt eins og samningurinn um friðlýsingu á umhverfi Vífilstaðarvatns.

Skóglendi og mögulegir skógræktarsvæði innan skipulagsvæðis

mögulegt skógræktarsvæði 78 ha

Birkiskógar 412 ha

Aðrir ræktaðir skógar 241 ha

Umhverfisstofnun
Environment Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24
IS – 108 Reykjavík

Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020

www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	26.01.2016
Málalýkill	512
Mál nr.	1507053

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Garðatorgi 7
210 Garðabæ



Reykjavík 13. janúar 2016
UST201512-043/K.S.J.
10.04.03

**Efni: Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004 – 2016, Heiðmörk, Sandahlíð.
Tillaga að deiliskipulagi, Heiðmörk í Garðabæ og Sandahlíð**

Vísað er til erindis skipulagsstjóra Garðabæjar er barst 8. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi Heiðmerkur og Sandahlíðar í Garðabæ.

Ofangreint skipulagssvæði er um 907 ha og nær yfir þann hluta Heiðmerkur sem er innan sveitarfélagsmarka Garðabæjar að viðbættu skógræktar- og útivistarsvæði í Sandahlíð.

Gróður

Í umfjöllun um gróður kemur fram að á ofangreindu svæði innan Heiðmerkur er náttúrulegt gróðurfar all fjölbreytt. Einnig kemur fram að flatarmál lúpínu er um 9% af grónu landi og að útlit sé fyrir að hún muni breiðast enn meira út á næstu árum. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem land er vel gróið á skipulagssvæðinu er ekki þörf fyrir landgræðsluþöntu eins og lúpínu. Einnig er hætta á að mati stofnunarinnar að jarðminjar hverfi undir lúpínubreiður. Mikilvægt er að mati Umhverfisstofnunar að vinna gegn frekari útbreiðslu lúpínu.

Verndarákvæði

Í greinargerð kemur fram að verndarákvæði eru á svæðinu s.s. friðlýsing, hverfisvernd og vatnsvernd. Stofnunin bendir á að skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd njóta eldvörp, eldhraun, gervigígar og hraunhellar sérstakrar verndar í samræmi við markmið 3. gr. laganna. Einnig segir í ofangreindum lögum að forðast beri að raska slíkum jarðminjum og vistkerfum nema brýna nauðsyn beri til.

Einnig bendir stofnunin á að skv. 68. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd skal við gerð deiliskipulags á náttúruverndarsvæðum, á svæðum sem njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. og frummatsskýrslu framkvæmdaraðila vegna mats á umhverfisáhrifum, leita umsagnar Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefnda.

Vatnsvernd

Umhverfisstofnun bendir á þar sem svæðið er vinsælt útivistarsvæði er mikilvægt að þess verði gætt að álag vegna útivistar hafi ekki neikvæð áhrif á vatnsverndarsvæði.

Fuglaskýli og bryggjur

Í umfjöllun um fuglaskýli og bryggjur á friðlandinu Vífilsstaðavatn og næsta nágrenni kemur eftirfarandi fram: „Við Vífilsstaðavatn er ein bryggja og ein brú í dag. Setja má fleiri smábryggjur við vatnið líkt þeirri sem er í dag í samráði við Umhverfisstofnun og umhverfisnefnd Garðabæjar“.


Umhverfisstofnun minnir á að skv. auglýsingu um friðlýsingu Vífilsstaðavatns og nágrennis í Garðabæ, þarf leyfi stofnunarinnar fyrir mannvirkjagerð, jarðraski og öðrum breytingum á landi.

Skógræktarsvæði - útivistarskógur

Umhverfisstofnun tekur undir það að ekki er leyfilegt að gróðursetja í villtum birkiskógi á skipulagssvæðinu. Einnig tekur stofnunin undir að mikilvægt er að ágengar tegundir berist ekki í náttúrulegt birkikjarr.

Þar sem svæðið er náttúruminjasvæði að stærstum hluta, þ.e. friðlýst svæði, hverfisverndarsvæði og þar eru vistkerfi og jarðminjar er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd telur Umhverfisstofnun mikilvægt að við skógrækt sé tekið tillit til náttúruminja.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	07.01.2016
Málalykill	
Mál n.	1507053



Garðabær
Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri
Garðatorgi 7
210 GARÐABÆ

Reykjavík, 5. janúar 2016
Tilvísun: 2015120010
EBj/

Efni: Heiðmörk og Sandahlíð. Tillaga að deiliskipulagi og tillaga að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016. Forkynning

Vegagerðin hefur móttekið erindi Garðabæjar, dags. 03.12.2015, varðandi ofangreint efni. Vegagerðin gerir ekki athugasemdir við skipulagstillögurnar.

Virðingarfyllst,


Eiríkur Bjarnason
forstöðumaður áætlanadeildar

Afrit: Svanur G. Bjarnason svæðisstjóri Suðursvæðis

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	20.01.2016
Málalýkill	512
Mál nr.	1507053

Reykjavík, 15.01.2016

/

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Efni: Umsögn Veitna um forkynningu deiliskipulagstillögu Heiðmerkur í Garðabæ og Sandahlíð

Vísað er í bréf skipulagsstjóra frá 3. desember 2015 þar sem óskað er ábendinga vegna forkynningar tillögu að deiliskipulagi Heiðmerkur í Garðabæ og Sandahlíð og tillögu að breytingu aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016.

Áhersla á vatnsvernd hefur verið vaxandi á síðustu árum. Það kemur skýrt fram í nýrri vatnsverndarsamþykkt sem tók gildi í júní 2015 þar sem markmiðið er að vernda til framtíðar aðgengi að hreinu og ómeðhöndluðu grunnvatni til neyslu á höfuðborgarsvæðinu¹.

Veitur vilja benda á að ákvörðun um vatnsvernd fyrir vatnsból í skipulagi felur í sér yfirlýsingu um að beina eigi frá slíkum svæðum þeim framkvæmdum og starfsemi sem getur mengað grunnvatn og vatnsból eða rýrt þá ímynd sem nauðsynleg er fyrir vatnsvernd og neysluvatn. Í því felst að næg vernd sé um vatnsbólin og að vatnsverndarsvæði séu af þeirri stærð sem nauðsynleg er til að tryggja heilnæmi neysluvatnsins.

Það er mat Veitna að vatnsvernd, skógrækt og útivist í Heiðmörk geti átt farsæla samleið enda ríki skilningur á því að hagsmunir vatnsverndar njóti forgangs. Við væntanlega skipulagningu svæðisins þarf að gæta þess að dregið verði úr áhættu af annarri notkun svæðisins en til vatnstöku, s.s. með því að loka fyrir gegnumakstur vélknúinna ökutækja og staðsetja skipulagða áningarstaði og bílastæði með tilliti til vísindalegra upplýsinga um legu grunnvatnsstrauma. Vatnsveitur, leyfisveitendur og sveitarfélög hafa undanfarin ár haft áhyggjur af ástandi vega á svæðinu og óheftri almennri umferð um það en fjöldi vélknúinna ökutækja hefur hafnað utan vega með tilheyrandi ógn fyrir grunnvatnið. Þessar áhyggjur hafa komið fram í umsögnum OR við endurskoðun skipulagsáætlana á höfuðborgarsvæðinu og koma einnig fram í nýlegri ályktun Samráðshóps um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu sem skipaður var sumarið 2015.

Afstaða Veitna er sú að koma eigi í veg fyrir gegnumakstur um viðkvæmt áhrifasvæði vatnsbóla höfuðborgarinnar í Heiðmörk, eins og bent hefur verið á í fyrri umsögnum OR um skipulagsáætlanir sem náð hafa yfir Heiðmerkursvæðið. Stefna ætti að takmörkun umferðar vélknúinna ökutækja á vatnsverndarsvæðum í Heiðmörk. Þetta er mögulegt með upplýsingaskiltum við innkomuvegi, hliðum til lokana og bílastæðum við lokanir. Brýnt er að samkomulag náist hið fyrsta um framtíðarfyrirkomulag og veghald í Heiðmörk. Núverandi óvissa og ástand vega er ógn við

¹ Samþykkt um verndarsvæði vatnsbóla innan lögsagnarumdæma Mosfellsbæjar, Reykjavíkurborgar, Seltjarnarnesbæjar, Kópavogsbæjar, Garðabæjar og Hafnarfjarðarbæjar.

vatnsvernd á svæðinu. Veitur taka heils hugar undir með samráðshópi um vatnsvernd og vatnsnýtingu sem beindi því til Reykjavíkurborgar, Garðabæjar, Kópavogs og Vegagerðarinnar að samþykkja fyrir sitt leyti að sett verði upp hið fyrsta hlið og varúðarmerkingar við innkomuleiðir að Heiðmörk þannig að hægt sé að stýra almennri umferð ökutækja inn á vatnsverndarsvæðið frá öllum innkomuleiðum. Veitur taka undir hvatningu í ályktun samráðshópsins um að Reykjavíkurborg, Garðabær og Kópavogur skoði hjá sér hönnun bílastæða/safnstaða við innkomuleiðir í Heiðmörk.

Veitur hvetja eindregið til þess að skipuleggja ný bílastæði utan vatnsverndarsvæða til að forðast aukið álag á vatnsverndarsvæðin. Veitur lýsa yfir ánægju sinni með þau áform sem koma fram í deiliskipulagstillögunni um uppbyggingu á norðanverðu svæðinu utan vatnsverndarsvæða. Uppbygging þar verður vonandi til þess að auka útivistarmöguleika íbúa á svæðinu án þess að það leiði til aukins álags á vatnsverndarsvæðin í Heiðmörk. Komi hins vegar til þess að bílastæði verði skipulögð innan vatnsverndarsvæða þarf að gæta sérstakrar varúðar við framkvæmdir á grundvelli áhættumats til að hindra að mengun berist þaðan og niður í grunnvatnið. Samkvæmt deiliskipulagstillögunni er gert ráð fyrir nýjum bílastæðum á aðkomusvæði við Sneiðinga og við Hjallabrúnir. Þessi bílastæði yrðu innan vatnsverndarsvæða og á viðkvæmum stað vegna nálægðar við öflugasta misgengi svæðisins, Hjallamisgengið. Bílastæði við Sneiðinga yrði á öryggissvæði og bílastæði við Hjallabrúnir á grannsvæði vatnsverndar.

Veitur telja mikilvægt að huga að mengunarvörnum við lagningu þeirra nýju reiðleiða sem skipulagðar eru á vatnsverndarsvæðinu. Sérstaklega skal bent á nýja reiðleið frá fyrirhugaðri útílífsmiðstöð á Grunnvatnasvæði að fyrirhuguðu bílastæði við Hjallabrún.

Vatnstökusvæðum Veitna í Heiðmörk stendur ekki bein hættu af umferð og bílastæðum á deiliskipulagssvæðinu en vatnsvernd byggist á samtakamætti allra sveitarfélaga og íbúa svæðisins þar sem sameiginlegar umgengisreglur um verndarsvæðin eru virtar óháð lögsögumörkum sveitarfélaga. Veitum er því skylt að benda á þá þætti sem auka mengunarálag á grunnvatn sem dregið getur úr gæðum neysluvatns á svæðinu til framtíðar.

Grunnvatnsstreymi innan vatnsverndarsvæða á sunnanverðu deiliskipulagssvæðinu er samkvæmt líkani Vatnaskila til suðvesturs. Miðað við þessar upplýsingar er sunnanvert deiliskipulagssvæðið við jaðar aðstreymissvæðis vatnsbólanna í Kaldárbotnum. Grunnvatnsvatnasvið vatnsbóla í Kaldárbotnum er víðfeðmt og samkvæmt sama líkani berst til Kaldárbotna grunnvatn frá austanverðri Lönguhlíð í vestri til Bláfjalla og Rauðuhnúka í austri. Grunnvatnsvatnasviðið teygir sig síðan í NV átt frá Helgadal eftir Hjallamisgenginu, allt til Vatnsendakrika og þaðan eftir Húsfellsbruna SV að Sandfelli og til Rauðuhnúka².

Hjallamisgengi er stærsta misgengið á Heiðmerkursvæðinu og liggur meðfram Hjallabrúnum. Gera má ráð fyrir að sprungur því tengdar séu mjög lekar og getur mengun sem þar berst niður borist greiðlega til suðurs í átt að Kaldárbotnum.


Veitur hvetja skipulagsyfirlögd Garðabæjar til þess að vinna náið með Reykjavíkurborg og Kópavogsbæ að skipulagi Heiðmerkurs til að tryggja að hagsmunir vatnsverndar njóti þess forgangs

² Vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu. Greinargerð um heildarendurskoðun. Unnin fyrir stýrihóp um skipulag vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu. Verkfræðistofan Vatnaskil, skýrsla nr. 15.04.




sem nauðsynlegur er til að tryggja heilnæmi neysluvatns á svæðinu til lengri framtíðar. Veitur lýsa sig reiðubúna til að veita upplýsingar og aðstoð í þeirri deiliskipulagsvinnu sem framundan er.

Virðingarfyllst,


Hólmfríður Sigurðardóttir

umhverfisstjóri


Inga Þóra Hrólfsdóttir

framkvæmdastjóri Veitna

Afrit:

Framkvæmdastjórn vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu
Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis
Heilbrigðisnefnd Kjósarsvæðis
Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur
Skipulagsstofnun
Vatnsveita Kópavogs
Vatnsveita Hafnarfjarðar
Vatnsveita Garðabæjar
Vatnsveita Mosfellsbæjar
Vatnsveita Seltjarnarness